11. stjórnarfundur

31. mars 2017

Fundarstaður: Marína Hótel 31. mars 2017, 16:30-19:00

Harpa Þórunn Pétursdóttir, Vigdís Harðardóttir, Auður Nanna Baldvinsdóttir, , Íris Baldursdóttir, Guðbjörg Óskarsdóttir, og Elín Smáradóttir. Harpa ritaði fundargerð í fjarveru ritara.

1. Fundargerð

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Heimasíðan

Harpa sýndi fyrstu drög að heimasíðu. Ætlunin er að fá aðstoð við að klára uppsetningu og er verið að leita leiða.

3. Skýrslan

PR fyrirtæki vegna skýrslu

Farið yfir tilboð frá þremur aðilum og samþykkt að notast við slíkan aðila til að sjá um fjölmiðlaumfjöllun og kynningu á skýrslunni.

Ákveðið hefur verið að ganga til samninga við Suðvestur.

4. Aðalfundur

- Fundarstjóri og fundarritari kjörnir

- Skýrsla stjórnar

Harpa kynnir í mjög stuttu máli skýrslu stjórnar um starfsemi ársins.

- Tillaga stjórnar um að ekki verði tekin upp félagsgjöld að sinniKjósa þarf skoðunarmannFjármál – Reikningar lagðir framAuður fer stuttlega yfir tekju- og gjaldaliði félagsins sl. ár.

5. Ársfundur

Kristín Vala Matthíasdóttir

Hörður Arnarson

Lilja Björk Einarsdóttir

Íris með menntastefnuna

Harpa stýrir fundinum

6. Árshátíð

Ljósmyndari frá Eftir vinnu í kokteil?

Samþykkt að heyra í ritstjóra Eftir vinnu um að fá ljósmyndara til að koma við.

Ætlum við að heiðra konu í orkumálum?

7. Samorkuþing

Ætlunin er að kynna skýrsluna á Samorkuþingi.Ekki er enn orðið ljóst hvernig dagskráin verður en verður skoðað betur þegar hún verður orðin ljós, eða um lok næstu viku.

8. Styrktaraðilar

Þann 24. mars sl. bættist Landsnet í hóp bakhjarla félagsins þegar undirritaður var samstarfssamningur þess efnis á milli aðila. Við þökkum Landsneti kærlega stuðninginn.

9. Önnur mál

Auður Nanna kom með þá tillögu að vera með svokallað „Break out Session“ á Arctic Circle í október nk. Mögulega yrði þetta unnið að einhverju leyti í samvinnu við WING. Ekki gafst tími til að fara nánar yfir málið en það verður tekið fyrir á næsta fundi.

1. Rætt var um að notast við app sem Auður hafði stungið upp á á síðasta stjórnarfundi til að spyrja ársfundinn nokkurra spurninga varðandi starfsemi félagsins. Er þetta hugsað til að skýra vilja félagsmanna varðandi starfsemina fyrir stjórninni. Auður og Íris ætla að útfæra þetta fyrir ársfundinn.

Fundi slitið klukkan 17.45